
S P I L L I E F N A N E F N D

Á R S S K Ý R S L A

2 0 0 1

Efnisyfirlit

1. Aðfaraorð formanns	3
2. Starfsemi Spilliefnanefndar árið 2001	5
2.1 Grundvöllur starfsemi Spilliefnanefndar	5
2.2 Skipan Spilliefnanefndar	5
2.3 Álagning spilliefnagjalds	5
2.4 Kynningar- og upplýsingamál	6
2.5 Kynnisferðir	6
2.6 Vinna að einstökum málaflokkum og samskipti við löggjafann, opinberar stofnanir og hagsmunaaðila	6
3. Ársreikningur Spilliefnanefndar	9
3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	10
3.2 Áritun endurskoðenda	10
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2001	11
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2001	11
3.5 Sjóðstreymi árið 2001	12
3.6 Skýringar með ársreikningi 2001	12
3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2001	13
4. Rekstur spilliefnakerfisins	15
4.1 Fjárhagsafkoma	15
4.2 Vægi spilliefnagjalds í vöruverði og hlutfallslegt magn vara sem verða að spilliefnum	17
4.3 Móttaka spilliefna	17
4.4 Samanburður við áætlanir	19
4.5 Kostnaður við framkvæmd laganna um spilliefnagjald	19
4.6 Rekstraráætlun 2002	20
5. Rekstraryfirlit eftir vöruflokkum	23
5.1 Olíuvörur	23
5.1.1 Svartolía	23
5.1.2 Önnur olía en brennsluolía	23
5.2 Lífræn leysiefni, klórbundin efni og önnur efni	26
5.2.1 Lífræn leysiefni	26
5.2.2 Halógeneruð leysiefni	28
5.2.3 Ósoneyðandi efni	29
5.2.3.1 Kælimiðlar	31
5.2.3.2 Þenslumiðlar	31
5.2.3.3 Slökkvimiðlar	31
5.2.4 Ísósýanöt	33
5.3 Málning og litarefni	35
5.4 Prentlitir	38
5.5 Rafhlöður og rafgeymar	40
5.5.1 Blýsýrurafgeymar	40
5.5.2 Rafhlöður og aðrir rafgeymar	43
5.6 Ljósmyndavörur: framköllunar- og festivökvar	46
5.7 Vörur sem innihalda kvikasilfur	49
5.7.1 Amalgam	49
5.7.2 Ljósgefjafar	51
5.8 Ýmsar aðrar efnavörur	53
I. Viðauki: Halógeneruð efnasambönd — Óskar Mariusson, efnaverkfræðingur	55
English Summary	59
Chairman's Foreword	60
Work of the Committee on Hazardous Waste	62
Operation of the Hazardous Waste System	64

Útgefandi:
Spilliefnanefnd

Prentvinnsla:
Ásprent/pob ehf.
Akureyri 2002

I. Aðfaraorð formanns

Í Spilliefnanefnd hafa orðið nokkrar umræður um hvernig nefndin geti best rækt það hlutverk sitt að kynna spilliefni og rétta meðferð þeirra auk þess að ná sem bestu sambandi við þá sem vinna með þessi efni hjá ráðuneytum, stofnunum og í atvinnulífi. Í þessu skyni hefur nefndin farið í auknum mæli inn á þá braut að halda málþing um einstök spilliefni og á síðasta ári hélt nefndin tvö slík. Annað var um rafhlöður og hitt um amalgam. Jafnframt var ákveðið að halda áfram á þessari braut og ákveðið var að halda næsta málþing í byrjun árs 2002 um kælmiðla. Á árinu hefur nefndin haldið um 30 bókaða nefndar- og vinnufundi auk óbókaðra vinnufunda hjá vinnuhópum innan nefndarinnar.

Rafhlöðumálið er dæmigert fyrir eðli sumra mála sem Spilliefnanefnd tekst á við. Innflutningur á rafhlöðum sem verða að spilliefnum fer minnkandi og þar með tekjur í þeim málaflokki. Innflutningur á rafhlöðum sem innihalda kvikasilfur hefur verið bannaður nema á hnapparafhlöðum. Notkun á rafhlöðum í heild minnkar hins vegar ekki og notkun á rafhlöðum sem hægt er að endurhlaða fer vaxandi. Af þeim nálægt 140 tonnum rafhlaðna sem árlega eru flutt inn, skila sér aðeins um 40 tonn til móttökustöðva flokkað af neytendum sem rafhlöður. Afgangurinn virðist því fara saman við annan úrgang til urðunar. Nú eru brúnsteinsrafhlöður urðaðar og með þeim sá hluti spilliefnarahlaðna sem fer saman við almennt sorp. Aðeins um 30% af rafhlöðunum í heild nást út úr sorpstraumnum sem er of lágt hlutfall. Þessi 40 tonn sem skilað er inn sem blanda af spilliefnarahlaðum og öðrum rafhlöðum eru síðan flokkuð og spilliefnarahlaðurnar sendar utan til eyðingar. Veruleg vinna og kostnaður eru því lögð í að ná tiltölulega litlum hluta rafhlaðnanna. Aðeins um fjórðungur spilliefnarahlaðna skilar sér.

Að teknu tilliti til lágs skilahlutfalls hafa því ýmsir talið rétt að urða allar rafhlöður og leggja niður vinnu Spilliefnanefndar með þær. Það er hins vegar í andstöðu við tíðarandann og þá framtíð sem við viljum líta til. Mörg lönd telja eðlilegt að ná öllum rafhlöðum út úr sorpstraumnum og láta þær ekki fara til urðunar nema þá á sérvöldum urðunarstöðum. Þá er horft til þungmálma í rafhlöðunum og mengunar frá þeim sem og þess að málmar þessir geta nýst sem

verðmæt hráefni til endurvinnslu í framtíðinni. Vilji menn ná öllum rafhlöðum út úr straumnum þarf sérstakra aðgerða við til þess að auka skilin. Annars vegar er þá að beita stöðugri kynningu og áróðri til að fá fólk til að flokka rafhlöður frá sorpinu og skila þeim sérstaklega umfram það sem nú er gert. Hins vegar væri sá möguleiki að leggja á rafhlöður skilagjald og greiða fólk fyrir skilin svipað og nú er gert við einnota umbúðir fyrir drykkjarvöru. Skilagjald felur í sér allnokkurn kostnaðarauka þó að það skili sér að lokum til neytenda og kynning og áróður myndu fela í sér viðvarandi kostnað þar sem reynslan sýnir að fyrnast vill yfir slíkar upplýsingar á ótrúlega stuttum tíma. Hér er því margt að skoða en þar kemur að taka verður ákvörðun um hvaða leið skuli velja.

Amalgam er í stöðugt minna mæli notað við tannviðgerðir. Innflutningur á efninu hefur farið minnkandi og þar með tekjur Spilliefnanefndar þar af. Hins vegar er verulegt magn amalgams í tönnum landsmanna sem mun skila sér í nokkrum mæli á komandi árum. Þá vaknar sú spurning hvort Spilliefnanefnd beri ábyrgð á því að skila megi inn amalgami án kostnaðar um ókomin ár þótt tekjur verði litlar sem engar. Álagning spilliefnagjalds felur í sér ákveðnar skuldbindingar. Þetta er eitt af mörgum málum sem taka þarf upp í umræðum við umhverfissráðuneytið.

Kælmiðlar heyra til málaflokki sem hefur nokkuð aðrar hliðar. Þeir skila sér í litlum mæli til móttökustöðva. Innflutningur á ósoneyðandi kælmiðlum hefur verið á bilinu 100–200 tonn á ári en árlega skila sér aðeins 1–2 tonn. Svo virðist sem innfluttir kælmiðlar komi að mestu í stað kælmiðla sem leka af kerfum. Þetta þýðir aftur að tekjur Spilliefnanefndar af kælmiðlum eru talsvert meiri en útgjöld og sjóður safnast upp. Þar kemur hins vegar að skipta þarf út ósoneyðandi kælmiðlum sem nú eru í notkun samkvæmt tilskipun Evrópubandalagsins. Umtalsverður kostnaður gæti þá fallið á Spilliefnanefnd.

Spilliefnanefnd ráðgerir að halda málþing um rafgeyma. Í þeim málaflokki hefur safnast upp talsverður sjóður og hefur nefndin talið það eðlilegt vegna þess að meðallíftími rafgeyma er um fimm ár og aðeins eru um fimm ár frá því fyrst var farið að leggja spilliefnagjald á rafgeyma. Þeir rafgeymar sem fyrst var lagt á eru þannig rétt

byrjaðir að skila sér sem úrgangur en það felur í sér verulegar skuldbindingar nefndarinnar ef tekið verður á móti þeim án móttökugjalds í framtíðinni.

Miklum tíma hefur nefndin varið til umræðna um málningu og prentlíti. Áriðandi er að leita leiða til að minnka kostnað í þessum málaflokkum og halli þessara sérsjóða er verulegur. Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóraembættinu virðist sem innflutningur og innlend framleiðsla á olíumálningu hafi minnkað mikið á árinu 2001. Haldþærar skýringar liggja ekki fyrir á þessu. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á gjaldskrá á árinu 2001 stefna allar að því að ná eðlilegu jafnvægi í stöðu sérsjóðanna innan viðráðanlegs tíma.

Eftir því sem starfi Spilliefnanefndar miðar áfram verður æ ljósara að endurgreiðsla á gjaldinu getur átt rétt á sér í einhverjum tilvikum, svo sem þegar spilliefni eru flutt út og koma ekki til eyðingar hér á landi og má í því sambandi nefna smurolíu og kælimiðla til skipa sem skráð eru erlendis. Jafnframt getur spilliefnagjald verið ranglega lagt á ef efni reynist ekki vera spilliefni eða er úrskurðað náttúruvænt. Dæmi geta og komið upp þar sem úrgangshafi sendir sjálfur spilliefni til eyðingar erlendis eða eyðir þeim með öðrum hætti sjálfur. Mörg þessara dæma þurfa þó verulegrar athugarar við og auðvelt er að misstíga sig ef hrapað er að niðurstöðu.

Nokkuð er nú rætt í nefndinni um að útfæra frekar upplýsingagjöf um meðferð spilliefna. Er þá átt við að móttökustöðvar reki enn frekar ferli úrgangs, sundurgreiningu hans og lokaeypingu. Sem dæmi má nefna að málningarúrgangur er aðskilinn frá öðrum úrgangi. Leysiefni fara til Sementsverksmiðjunnar hf. til brennslu, dósir

fara í brotajárnsvinnslu en afgangssori hefur verið sendur utan til Kommunekemi á Fjöni. Líklegt er einnig að skilgreina þurfi betur gerð og styrkleika, samsetningu spilliefna eða frágang þeirra frá úrgangshafa, frágang sem uppfylli kröfur til þess að Spilliefnanefnd greiði eyðingarkostnað.

Spilliefnanefnd heldur áfram starfi sínu við að leggja fram talnaefni um skil einstakra landshluta eða sorpsamlaga á spilliefnum. Þar koma fram upplýsingar um mismikil skil á hvern íbúa sem ættu að leiða til umræðna og leitar að skýringum. Árangur af þessu starfi er þó mun minni en Spilliefnanefnd hafði vonast eftir. Ástæða er til að hvetja heilbrigðisfulltrúa hinna ýmsu svæða til að gefa þessu máli meiri gaum.

Viðræður Efnamóttökunnar hf. og Sementsverksmiðjunnar hf. vekja vonir um að minnka megi kostnað í framtíðinni með því að eyða stærri hluta spilliefnanna hér á landi. Jafnframt getur endurvinnslu vaxið fiskur um hrygg á komandi árum og visir að slíkri starfsemi er kominn af stað.

Mikilvægt er fyrir okkur að fylgjast vel með þróun í meðferð spilliefna í löndunum í kringum okkur. Mörg þeirra hafa meiri efni til rannsókna og þróunar en við og við getum stýtt okkur leið með því að nýta okkur reynslu þeirra.

Spilliefnanefnd þakkar þeim fjölmörgu samstarfsaðilum sem lagt hafa hönd á plóginn á liðnu ári og nefnir þar sérstaklega til umhverfisráðuneyti, Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðis- eftirlitið, Ríkisendurskoðun, Ríkisbókhalð, Tollstjóraembættið í Reykjavík, Samtök atvinnulífsins, Efnamóttökuna hf. og Endurvinnsluna hf.

Guðmundur G. Þórarinnsson,
formaður Spilliefnanefndar

2. Starfsemi Spilliefnanefndar árið 2001

2.1 Grundvöllur starfsemi Spilliefnanefndar

Spilliefnanefnd starfar samkvæmt lögum um spilliefnagjald nr. 56/1996 og breytingu á þeim nr. 134/1997. Umhverfisráðherra fer með yfirlitstjórn mála sem löggin fjalla um. Gildandi reglugerð um spilliefnagjald er nr. 578/2000 með síðari breytingum.

Í lögunum er kveðið á um á hvaða vöruflokka spilliefnagjald skuli lagt. Við innflutning er lagt á vörur sem verða að spilliefnum. Gjaldið er innheimt af ríkissjóði en rennur til Spilliefnanefndar. Af innlendra framleiðslu innheimtir nefndin sjálf spilliefnagjaldið. Spilliefnanefnd greiðir fyrir meðferð og förgun á spilliefnum er leiða af vörum sem gjaldið hefur verið lagt á. Hefur það fyrirkomulag að sá greiðir er mengun veldur verið nefnt mengunarbótaregla (Polluter Pays Principle).

2.2 Skipan Spilliefnanefndar

Spilliefnanefnd var fyrst skipuð í september 1996 til fjögurra ára. Aftur var skipað í nefndina í september 2000. Í nefndinni sitja nú:

- * Guðfinnur G. Johnsen tæknifræðingur, að tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva
 - * Haukur Harðarson framkvæmdastjóri Biliðnafélagsins/Félags blikksmiða, að tilnefningu Alþýðusambands Íslands
 - * Ólafur Kjartansson verkfræðingur, að tilnefningu Samtaka iðnaðarins
 - * Óskar Mariússon verkfræðingur, að tilnefningu Samtaka atvinnulífsins
 - * Stefán Hermannsson borgarverkfræðingur, að tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - * Þuríður I. Jónsdóttir héraðsdómslögmaður, án tilnefningar
 - * Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur, án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar
- Ritari nefndarinnar er Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri í umhverfisráðuneyti og framkvæmdastjóri er Már Karlsson verkfræðingur.

2.3 Álagning spilliefnagjalds

Nefndin vann áfram að uppbyggingu gjalda-

Óbreytt skipan
Spilliefnanefndar

Spilliefnanefnd
greiðir fyrir með-
ferð og förgun
spilliefna

Álagning og breytingar spilliefnagjalds

Vöruflokkur	Hámark skv. lögum	15.3.1997	15.4.1997	15.6.1997	1.8.1997	1.11.1997	1.3.1998	5.3.1999	15.3.1999	1.11.1999	1.1.2000	1.9.2000	1.8.2001	15.12.2001
Rafgeymar með síru	60,00 kr./kg	26,00										21,00	19,00	
Rafgeymar án síru	60,00 kr./kg	36,40										29,40	26,60	
Rafgeymar í tækjum	330-5280 kr./stk.	143,00-2288,00										115,50-1848,00	104,50-1672,00	
Rafhliður í rafmagnsspennum	200,00 kr./kg				26,00							21,00	19,00	
Kemiskar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	300,00 kr./kg		32,25-258,00									29,25-234,00		
Önnur kemisk framleiðsla til ljósmyndunar	300,00 kr./kg							258,00				234,00		
Olíumálning	16,00 kr./kg			2,00			6,00					10,50	13,50	16,00
Prentlitir	16,00 kr./kg			2,00			6,00							16,00
Lífræn leysiefni	3,00 kr./kg			0,50			1,50					3,00		
Rafhliður með kvikasifri eða nikkelladmíum	200,00 kr./kg				186,00							200,00	13,00	
Alkalískar hnapparafhliður	50 kr./stk.											9,00	13,00	
Varnarefni, útrýmingarefni	5,00 kr./kg					3,00								
Varnarefni, fúavarnarefni	5,00 kr./kg					3,00								
Ísósyanöt	10,00 kr./kg					1,00								
Halógeneruð efnasambönd	900,00 kr./kg						22,00					75,00	90,00	105,00
Olíuvörur aðrar en brennsuolía	20,00 kr./kg								10,00					9,50
Svartolía	0,10 kr./kg							0,00						
Kælímíðlar	900,00 kr./kg									98,00				
Kvikasilfurvörur	900,00 kr./kg							900,00						

Ath. Verð eru kr./kg nema fyrir rafgeyma í tækjum og alkalískar hnapparafhliður, kr./stk.

Tafla 2.1

Spilliefnagjald er þjónustugjald þar sem sérhver vörflokkur myndar sérstakan sjóð

kerfis fyrir spilliefni og rekstri og hélt 29 bókaða fundi á árinu. Fyrst var lagt spilliefnagjald á rafgeyma í mars 1997 og síðan hefur verið lagt á hvern vörflokkinn eftir annan. Með álagningu á kvikasilfurvörur 1. janúar 2000 hafði verið lagt á helstu vörflokka sem tilgreindir eru í lögum um spilliefnagjald. Var það ári fyrr en heimilað er í lögum um spilliefnagjald. Í töflu 2.1 má sjá einingarverð spilliefnagjalda, hvenær lagt hefur verið á einstaka vörflokka og hvenær spilliefnagjöldum hefur verið breytt. Í fjórða kafla skýrslunnar er fjallað frekar um breytingar á spilliefnagjaldi sem tóku gildi 1. ágúst og 15. desember 2001.

Með auknum umsvifum hefur hinn daglegi rekstur og þjónusta aukist. Ýmis vafamál hafa komið til álita nefndarinnar og á hún náð samstarf við umhverfisráðuneyti, stofnanir og sifjellt fleiri fyrirtæki um meðferð spilliefna. Velta nefndarinnar var rúmar 149 m.kr. á árinu og er gerð nánari grein fyrir rekstrinum í 4. kafla ársskýrslunnar. Sérhver vörflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er til lengdar ætlað að standast á. Gerð er grein fyrir afkomu sjóðanna í 5. kafla.

2.4 Kynningar- og upplýsingamál

Spilliefnanefnd hélt ársfund í júlí. Þar flutti Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra ávarp og Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri stýrði fundinum. Í ársskýrslu ársins 2000, sem lögð var fram á fundinum, er í framhaldi af fyrri ársskýrslum 1997-1999 haldið áfram kynningu á starfsemi og forsendum sem nefndin starfar eftir.

Spilliefnanefnd gekkst fyrir málþingi um rafhlöður í maí. Til umfjöllunar var meðal annars tilgangur þess að safna notuðum rafhlöðum og hversu langt skuli ganga. Nánar er getið um niðurstöður málþingsins í kafla um rafhlöður.

Að forgöngu Spilliefnanefndar var í nóvember haldin málstofa um meðferð amalgamúrgangs. Til umfjöllunar voru skil á úrganginum, lög um meðferð hans og hvort Spilliefnanefnd bæri að breyta aðkomu sinni að þessum vörflokki. Í kafla um kvikasilfurvörur er greint nánar frá málstofunni.

Nefndin hefur fjallað um á hvern hátt kynningu á spilliefnum og meðferð þeirra skuli hátt að. Haft hefur verið samráð við umhverfisráðuneyti og hagsmunaaðila. Að tillögu hagsmunaaðila í prentiðnaði er unnið að því að útbúa kynningarefni um meðferð á kemiskum efnum í ljósmynda- og prentiðnaði. Ýmsir hafa sýnt áhuga á starfi nefndarinnar og hefur hún orðið

við óskum um að kynna starfsemi sína og spilliefnakerfið.

Áfram var unnið að því að efla tölfræðilega þekkingu á umfangi spilliefna og uppruna þeirra. Fylgst hefur verið með innflutningi og framleiðslu á vörum sem verða að spilliefnum og skilum á spilliefnum. Gerð er grein fyrir stærstu dráttum í þeim málum í þessari ársskýrslu þar sem gefur að líta samanburð milli ára sem verður marktækari með hverju ári.

2.5 Kynnisferðir

Dagana 11. til 16. febrúar 2001 var farin námsferð á vegum Spilliefnanefndar og Stenúrs til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Fulltrúar Spilliefnanefndar í þeirri ferð voru Óskar Mariusson og Ólafur Kjartansson. Hlutverk þeirra var að kynna sér stöðu mála í söfnun og förgun á spilliefnum í þessum löndum, einkum með hliðsjón af væntanlegum nýjum tilskipunum Evrópusambandsins. Nánari umfjöllun um námsferðina og samantekt á upplýsingum er að finna í umfangsmikilli ferðaskýrslu ferðahópsins.

2.6 Vinna að einstökum málaflokkum og samskipti við löggjafann, opinberar stofnanir og hagsmunaaðila

Unnið var að endurskoðun spilliefnagjalds á marga vörflokka. Spilliefnagjöldum í nokkrum vörflokkum var breytt þann 1. ágúst og 15. desember. Gjöld voru lækkuð á rafgeyma en hækkuð á olíumálningu, olíuvörur, prentlit og halögeneruð efnasambönd. Álagningu og breytingar á spilliefnagjaldi má sjá í töflu 2.1. Vænta má að á hverju ári geti orðið breytingar á spilliefnagjaldi í einhverjum vörflokkum, eftir því sem afkoma og þróun hvers vörflokks gefur ástæðu til.

Fenginn var ráðgjafi til að yfirfara tollskrá og athuga hvort leggja beri spilliefnagjald á vörur sem falla undir fleiri tollskránum en verið hefur. Leiddi sú athugun til gagnlegra ábendinga um fáein atriði.

Kannað var hvort fýsilegt væri að bjóða út móttöku á notuðum rafgeymum. Framkvæmdamáti var kannaður með fulltrúum Ríkiskaupa og var málið kynnt fyrir fulltrúum þeirra fjögurra móttökustöðva sem tekið hafa á móti rafgeymum. Að vel athuguðu máli var fallið frá því að bjóða móttökuna út að svo komnu máli.

Erfiðlega hefur gengið að ná endum saman við rekstur vörflokks um málningarúrgang. Í þriggja komu fulltrúar málningarframleiðanda á fund nefndarmanna til að ræða leiðir til að auka hagræðingu. Athugað var meðal annars

Fylgst er með innflutningi og framleiðslu á vörum sem verða að spilliefnum

Spilliefnagjald endurskoðað

hvort heilbrigðisyrfirvöld myndu heimila urðun á þykkjálningu á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Slíkt leyfi hefur ekki verið veitt að svo stöddu. Í tvingang var spilliefngjald á olíumálningu hækkað á árinu.

Úrgangur sem við móttöku flokkast sem prentlitaúrgangur hefur aukist mjög frá því sem var í fyrstu. Hefur það leitt til halla á vöruflokknum. Í samvinnu við skilaaðila og móttökustöð hefur verkferli vegna prentlita verið til gagngerðrar skoðunar.

Á málþingi um rafhlöður ríkti einhugur um að rafhlöður beri að skilja frá öðrum úrgangi og óflokkaðar rafhlöður teljist til spilliefna þar til óskaðlegar rafhlöður hafa verið flokkaðar frá hinum skaðlegu. Rætt var um hvort væri líklegra til árangurs, að leggja á skilagjald eða að efla fræðslu og áróður. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að leggja á rafhlöður í tækjum sem flutt eru til landsins. Framkvæmdin er flókin og útheimtir verulegar breytingar á tollskrá.

Á málstofu um amalgamúrgang kom fram áhugi á að Spilliefnanefnd haldi áfram starfi sínu á þeim nótum sem verið hefur með því að leggja spilliefnagjald á amalgam. Nokkuð þótti vanta á verklagsreglur um meðferð amalgams. Fram kom að amalgamúrgangur sem borist hefur til móttökustöðvar hefur nær eingöngu samanstaðið af tannfyllingarefni. Málstofuna sóttu meðal annarra fulltrúar tannlækna og þjónustuaðila þeirra, heilbrigðiseftirlita og Hollustuverndar ríkisins.

Til umfjöllunar hefur verið ósk prentsmiðju Morgunblaðsins, Árvakurs hf., um að útgáfan verði undanþegin spilliefnagjaldi af prentlitum. Fyrirtækið stefnir að því að skila sjálft prentlitaúrgangi til birgja sinna erlendis.

Í lögum um spilliefnagjald er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð samkvæmt tillögum

Spilliefnanefndar þar sem nánar er kveðið á um hlutverk nefndarinnar og starfshætti. Áfram var unnið að starfsháttareglugerð. Drögum hefur þó ekki að fullu verið lokið.

Nefndin hefur haft til skoðunar hvernig megi þróa frekar þær tölulegu upplýsingar sem lagðar hafa verið fram árlega. Töluleg gögn eru mikilvæg til að gera grein fyrir ferli spilliefna, magni þeirra og þróun í allri starfsemi sem tengist spilliefnum. Til athugunar hefur verið á hvern hátt móttökustöðvar geti lagt fram eins konar umhverfisuppgjör þar sem rakið verði ferli úrgangs eftir að hann berst móttökustöðvum.

Til fundar við nefndina kom fulltrúi verkfræðistofunnar Línuhönnunar hf., sem situr í sérfræðingahópi Nord-test um fastan úrgang. Lýsti hann áhuga sem komið hefði fram í hópnum um spilliefnakerfið. Verði um kynningu á spilliefnkerfinu að ræða gagnvart Nord-test er talið eðlilegast að þau samskipti fari fram í gegnum norrænu ráðherranefndina.

Náið samstarf var sem áður haft við ýmsa hagsmunaaðila um spilliefnagjald.

Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins komu á fund nefndarinnar til að fjalla um samvinnu stofnunarinnar og Spilliefnanefndar en til Hollustuverndar hefur nefndin þurft að leita til um mörg álitæfni.

Ríkisendurskoðun og Ríkisbókhald veittu margvíslega aðstoð vegna reksturs nefndarinnar og Ríkistollstjóri var nefndinni innan handar við upplýsingaöflun. Spilliefnanefnd hefur leigt aðstoðu hjá Vinnueftirliti ríkisins sem einnig hefur fært bókhald nefndarinnar. Þá hafa nefndarmenn lagt af mörkum verulega vinnu við úrlausn margvíslegra verkefna nefndarinnar.

Umhverfisuppgjör

Margvíslegt samstarf

SPILLIEFNANEFND

ÁRSREIKNINGUR 2001

3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	10
3.2 Áritun endurskoðenda	10
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2001	11
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2001	11
3.5 Sjóðstreymi árið 2001	12
3.6 Skýringar með ársreikningi 2001	12
3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2001	13

3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Spilliefnanefndar staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar árið 2001 með áritun sinni.

Reykjavík, 2. maí 2001

Í stjórn

Guðm. G. Þórarinnsson
Stefán Hermannsson
Þuríður Jónsdóttir
Haukur Harðarson
Ólafur Kjartansson
Guðfinnur G. Johnsen
Óskar Mariusson

Framkvæmdastjóri
Már Karlsson

3.2 Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Spilliefnanefndar fyrir árið 2001. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi ásamt skýringum nr. 1-6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Spilliefnanefndar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Spilliefnanefndar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 2. maí 2002

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson

Rekstrarreikningur ársins 2001

	Skýr.	2001	2000
Tekjur			
Spilliefnagjöld v. innfluttra vara		138.146.038	147.432.680
Spilliefnagjöld v. innl.framleiðslu		9.384.498	6.556.204
Tekjur samtals	1	<u>147.530.536</u>	<u>153.988.884</u>
Gjöld			
Rekstrar- og stjórnunarkostnaður	2	17.433.502	17.545.469
Móttökustöðvargjald		86.971.168	86.856.533
Flutningsgjald		27.814.177	35.976.962
Söfnunarstöðvargjald		6.234.453	6.002.016
Umsýslukostn. v/flutnings- og söfnunarst.gj. ...		1.292.525	1.385.144
Innheimtukostnaður til ríkissjóðs		700.714	727.800
Gjöld samtals		<u>140.446.539</u>	<u>148.493.924</u>
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		7.083.997	5.494.960
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3	<u>4.817.375</u>	<u>3.614.398</u>
Tekjuafgangur		<u>11.901.372</u>	<u>9.109.358</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

Eignir	Skýr.	2001	2000
Veltufjármunir			
Ríkissjóður		0	7.963.444
Viðskiptakröfur	4	1.012.423	1.358.810
Virðisaukaskattur		7.744.691	7.811.811
Bankareikningar í LÍ.		<u>76.507.571</u>	<u>57.366.671</u>
Veltufjármunir samtals		<u>85.264.685</u>	<u>74.500.736</u>
Eignir alls		<u>85.264.685</u>	<u>74.500.736</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		36.812.288	27.702.930
Tekjuafgangur á árinu		<u>11.901.372</u>	<u>9.109.358</u>
Eigið fé samtals		<u>48.713.660</u>	<u>36.812.288</u>
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður		4.502.134	0
Ógr. laun og tengd gjöld	5	166.170	164.991
Ýmsar skammtímaskuldir	6	<u>31.882.721</u>	<u>37.523.458</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>36.551.025</u>	<u>37.688.449</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>85.264.685</u>	<u>74.500.737</u>

Sjóðstreymi árið 2001

	2001	2000
Framlag reksturs:		
Tekjuafgangur ársins	11.901.372	9.109.357
Breyting rekstrartengdra liða:		
Skammtímakröfur, hækkun (lækkun)	8.376.951	22.195.170
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	(1.137.423)	(10.685.340)
Handbært fé frá rekstri	<u>19.140.900</u>	<u>20.619.187</u>
Handbært fé frá rekstri	19.140.900	20.619.187
Handbært fé í ársbyrjun	57.366.671	36.747.484
Handbært fé í árslok	<u>76.507.571</u>	<u>57.366.671</u>

Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi 2001

Reikningsskilaaðferðir

Í samræmi við reikningsskilavenjur A-hluta stofnana eru eignakaup ársins gjaldfærð í rekstrarreikningi. Þá eru áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur ekki færð í ársreikningi.

Bókhald, skrifstofuaðstaða

Vinnueftirlit ríkisins sér um bókhald fyrir Spilliefnanefnd samkvæmt samkomulagi þar um. Bókhaldið er færð í bókhaldskerfinu Opus Alt. Spilliefnanefnd leigir jafnframt skrifstofuaðstöðu hjá Vinnueftirliti ríkisins.

1. Spilliefnagjöld

Álagt spilliefnagjald á innfluttar vörur á árinu 2001 var kr. 138.335.962. Ógreitt spilliefnagjald í ársbyrjun 2001 nam kr. 12.112.078, innheimt spilliefnagjald á árinu nam kr. 140.143.073 og í árslok 2001 var ógreitt spilliefnagjald kr. 10.304.967.

Spilliefnagjald að fjárhæð kr. 189.924 var endurgreitt af kælimiðlum sem fluttir eru úr landi. Vegna leysiefna sem notuð voru til innlestrar málningarframleiðslu var endurgreitt spilliefnagjald að fjárhæð kr. 1.414.380.

2. Rekstrar- og stjórnunarkostnaður

	2001	2000
Laun og launatengd gjöld	4.313.945	3.993.817
Sérfræðiþjónusta	10.650.208	11.177.372
Funda- og ferðakostnaður	1.345.826	1.415.299
Húsaleiga	480.000	480.000
Ýmis kostnaður	643.523	478.981
	<u>17.433.502</u>	<u>17.545.469</u>

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Samkvæmt samkomulagi milli ríkissjóðs og spilliefnanefndar um innheimtu og skil á tekjum af spilliefnagjaldi skulu reiknast 5% vextir af innistæðu eða skuld á reikningi Spilliefnanefndar hjá ríkissjóði sem myndast við frávik á mánaðarlegri innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess á bankareikningi nefndarinnar.

Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi 2001 frh.

	2001	2000
Vaxtagjöld vegna ríkissjóðs	(1.100.826)	(530.030)
Aðrar vaxtatekjur	6.598.526	4.622.856
Fjármagnstekjuskattur	(659.858)	(462.278)
Önnur fjármagnsgjöld	(20.467)	(16.150)
	<u>4.817.375</u>	<u>3.614.398</u>

4. Viðskiptakröfur

Innlendir málningarframleiðendur	985.423	1.358.736
Aðrir	27.000	0
	<u>1.012.423</u>	<u>1.358.736</u>

5. Ógr. laun og tengd gjöld

„Ógr. lífeyrissj.gjöld, félagsgjöld og trygg.gjald“	48.963	48.963
Ógr. staðgreiðsla	117.207	116.028
	<u>166.170</u>	<u>164.991</u>

6. Ýmsar skammtímaskuldir

Sameiginlega reka olíufélögin móttökustöð fyrir úrgangsolíu og eru einnig verksali gagnvart flutningi. Efnamóttakan hf. rekur alhliða móttökustöð fyrir spilliefni. Til tryggingar fyrir förgun spilliefni er haldið eftir hluta af greiðslum, geymslufé.

Olíufélög	12.226.923	17.696.566
Efnamóttakan hf., geymslufé	10.981.279	14.404.061
Efnamóttakan hf.	3.494.221	2.868.395
Sveitarfélög	1.587.163	570.942
Ýmis ógreidd gjöld	3.593.135	1.983.494
	<u>31.882.721</u>	<u>37.523.458</u>

Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2001

	Deild 1 Rafgeymar	Deild 2 Kemisk efni í ljósm.og prent.	Deild 3 Olíumálning	Deild 4 Leysiefni	Deild 5 Rafhlöður	Deild 6 Varnarefni	Deild 7 Ísócyanöt	Deild 8 Halogeneruð efmasambönd	Deild 9 Olía	Deild 10 Kælimiðlar	Deild 11 Kvikasilfur-vörur	Deild 12 Prentlitir	Samtals
Tekjur:													
Spilliefnagjöld v/innfluttra vara	23.668.825	10.161.810	11.010.225	10.816.452	2.628.563	415.824	385.556	5.604.690	58.786.472	12.484.318	63.693	2.309.534	138.335.962
Spilliefnagjöld v/ innlendar framleiðslu			10.798.878										10.798.878
Endurgreidd spilliefnagjöld				-1.414.380						-189.924			-1.604.304
Tekjur samtals:	23.668.825	10.161.810	21.809.103	9.402.072	2.628.563	415.824	385.556	5.604.690	58.786.472	12.294.394	63.693	2.309.534	147.530.536
Gjöld:													
Móttökustöðvakostnaður	10.861.509	9.931.579	23.278.953	2.835.610	1.690.394	250.481	439.147	5.728.843	24.755.958	1.472.119	133.148	5.593.427	86.971.168
Flutningskostnaður	4.885.371	1.329.823	1.327.488	150.706	500.295	12.095	27.861	61.087	19.942.812		360	301.906	28.539.804
Söfnunarstöðvakostnaður	2.834.405	696.979	1.935.885	80.289	442.509	6.435	18.909	58.469	568.576		159	158.736	6.801.351
Rekstrar- og þróunarkostnaður	2.136.466	917.256	1.968.598	848.678	237.267	37.534	34.802	505.907	5.306.360	1.109.753	5.749	208.470	13.316.841
Gjöld samtals:	20.717.751	12.875.637	28.510.924	3.915.283	2.870.465	306.545	520.719	6.354.306	50.573.706	2.581.872	139.416	6.262.539	135.629.164
Rekstrarmiðurstaða ársins	2.951.074	-2.713.827	-6.701.821	5.486.789	-241.902	109.279	-135.163	-749.616	8.212.766	9.712.522	-75.723	-3.953.005	11.901.372
Höfuðstöfl 1. janúar	42.165.615	10.504.728	-20.741.424	-7.742.832	-5.566.037	164.352	-246.672	-7.606.650	21.023.093	9.784.588	33.692	-4.960.168	36.812.287
Eigið fé samtals	45.116.689	7.790.901	-27.443.245	-2.256.043	-5.807.940	273.631	-381.835	-8.356.266	29.235.859	19.497.111	-42.031	-8.913.173	48.713.660

4. Rekstur spilliefnakerfisins

4.1 Fjárhagsafkoma

Tekjur af spilliefnagjaldi námu 149,1 m.kr. á liðnu ári. Eins og kemur fram í ársreikningi voru tekjur af innfluttum vörum 138,3 m.kr. og tekjur af innlendri framleiðslu 10,8 m.kr. Endurgreidd spilliefnagjöld, vegna innletrar framleiðslu og útflutnings námu 1,6 m.kr. Nettótekjur af spilliefnagjaldi voru því 147,5 m.kr. Nettótekjur minnkuðu um 6,5 m.kr. milli ára eða um tæp 5%.


Álagning á stærsta vöruflokkinn, olíuvörur, nam 58,8 m.kr. og er það 16% minna en árið áður. Nokkur sveifla varð í tekjum milli ára í sumum vöruflokkum og jukust tekjur í heild af öðrum vöruflokkum um 4,4 m.kr. Mest varð tekjuaukningin af leysiefnum, olíumálingu, halógeneruðum efnasamböndum og kælimiðlum. Tekjur lækkuðu mest af rafgeymum auk olíuvara.

Mynd 4.1

Heildargjöld voru 135,6 m.kr. Lækkuðu þau milli ára um 9,3 m.kr. eða um 6%. Nokkur sveifla varð í gjöldum milli ára í sumum vöruflokkum, mest vegna olíuvara, 8,1 m.kr. en einnig vegna rafgeyma, leysiefna og rafhlöðna. Stærstu útgjaldaliðir eru móttökustöðvargjöld sem námu 59% af heildartekjum og flutningar 19%. Söfnunarstöðvakostnaður nam tæpum 5% og rekstrar- og undirbúningskostnaður og þróunarkostnaður að teknu tilliti til fjármagnstekna nam 9% af heildartekjum. Rekstrarafkoma á árinu var jákvæð um 11,9 m.kr. eða sem svarar 8% af heildartekjum. Að teknu tilliti til reksturs frá upphafi er rekstrarafgangur í árslok 48,7 m.kr. Skýring á rekstrarafgangi þessa árs liggur mestmegnis í minni skilum á olíuvörum en áætlað hafði verið auk nánast engra skila á kælimiðlum. Þá hefur

Tafla 4.1
Starfssvæði sorpsamlaga/sveitarfélaga og íbúafjölda þeirra árið 2001


Spilliefnagjald 1998 - 2001



Svæðaskipting


Sorpsamlag/sveitarfél.	Starfssvæði	Íbúafjöldi 2001
SORPA bs.	Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær og Kjósarhreppur)	178.039
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Öll sveitarfélög sunnan Hafnarfjarðar og vestan Ófúshrepps	16.725
Sorpsamlag Vesturlands hf.	Öll sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi. Reykhólahreppur einnig talinn hér með	14.753
Vesturbýggð og Tálknafjarðarhreppur		1.527
FUNI, sorpbrensla	Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur.	5.341
Sorpsamlag Strandasýslu	Öll sveitarfélög í Strandasýslu	797
Húnaþing vestra		1.252
Austur-Húnavatnssýsla	Öll sveitarfélög í A-Hún.	2.196
Skagafjörður	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	4.395
Siglufjarðarkaupstaður		1.508
Sorpeyðing Eyjafjarðar	Öll sveitarfélög í Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa. Grimsey talin hér með	21.452
Sorpsamlag Þingeyinga	Öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu utan Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa	5.178
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar		885
Sorpeyðing Miðhálands	Austur-Hérað og Fellahreppur	2.486
Norður-Hérað, Seyðisfj., Fjótisdals-, Borgafj. og Mjóafjhr.		1.349
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Fjarðarbyggð, Búða-, Fáskrúðsfjarðar- og Stöðvarhreppar	3.953
Hornafj., Breiðdals- og Djúpvogshreppar		3.122
HULA bs.	Skaftár-, Mýrdals, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar	1.367
Sorpsstöð Rangárvallasýslu	Öll sveitarfél. í Rangárvallasýslu önnur en A- og V- Eyjafjallahreppar.	2.926
Sorpsstöð Suðurlands	Öll sveitarfélög í Árnessýslu	12.567
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	4.457
Samtals		286.275

Spilliefnagjald sem hlutfall af innflutningsverðmæti 1998 - 2001




Mynd 4.2

Hlutfallslegt magn innfluttra og innlendra vara sem verða að spilliefnum 2001



Mynd 4.3

Hlutfallslegt magn móttækinnna spilliefna 2001



Mynd 4.4

ekki verið tekið tillit til þess að ófrágengnar eru væntanlegar kröfur oliufélaganna vegna rangrar álagningar á íblöndunarefni í eldsneyti og vegna sölu á smurolíu til erlendra skipa.

Spilliefnagjald er lagt á hvern vöruflokk óháð öðrum vöruflokkum. Sérhver vöruflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er ætlað að standast á. Ársreikningur sýnir að verulegur munur er á afkomu hinna einstöku vöruflökka. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á reksturinn var spilliefnagjöldum í nokkrum vöruflokkum breytt þann 1. ágúst og 15. desember. Gjöld voru lækkuð af rafgeymum og oliuvörum en hækkuð af rafhlöðum og í tvígang af olíumálningu og halógeneruðum efnasamböndum. Áhrifa breytinganna gætir ekki mikið á reksturinn á þessu ári sakir þess að liðið var á árið þegar breytingarnar komu til framkvæmdar.

4.2 Vægi spilliefnagjalds í vöruverði og hlutfallslegt magn vara sem verða að spilliefnum

Spilliefnagjald vegur lítið í heildarverði prentlita, útrýmingarefna, fúavarnarefna og ísósýanata (sjá mynd 4.2). Gjaldið nemur 3–6% af innflutningsverðmæti rafhlöðna, olíumálningar og leysiefna en allt að 10% af innflutningsverðmæti oliuvara og rafgeyma. Gjaldið vegur hins vegar þungt í verði framköllunarefna, rúm 20%, og kælimiðla, tæp 30%. Gjaldið nemur orðið um 60% af innflutningsverðmæti halógeneraðra efnasambanda.

Nokkrar breytingar hafa orðið á árinu á hlutfalli spilliefnagjalds af innflutningsverðmæti. Lækkun kemur fram gagnvart framköllunarefnum og rafgeymum þar sem lækkun hefur orðið á spilliefnagjaldi. Einnig vegur spilliefnagjaldið nú minna gagnvart oliuvörum, væntanlega vegna hækkaðs innflutningsverðs. Mest hefur hlutfallið hækkað gagnvart halógeneruðum efnasamböndum en einnig gagnvart leysiefnum og olíumálningu.


Magn vara sem spilliefnagjald er lagt á er afar misjafnt eftir einstökum vöruflokkum eins og fram kemur á mynd 4.3. Langmest er magn oliuvara eða 44% af heildarmagni. Magn olíumálningar, leysiefna og rafgeyma er verulegt en annarra efna mun minna.

4.3 Móttaka spilliefna

Magn spilliefna sem er tekið á móti er einnig mjög misjafnt eftir vöruflokkum eins og fram kemur á mynd 4.4. Þar munar mestu um oliuvörur sem veða um 78% af heildarþyngd úrgangs. Þyngd rafgeyma er einnig veruleg, um 13% af heildarþyngd, en vægi annars úrgangs er mun minna.

Til að skoða frekar hvaðan spilliefni berast er í töflu 4.1 tekið saman hve mikið hefur skilað sér frá hinum ýmsu landsvæðum. Stuðst er við starfssvæði sorpsamlaga þar sem þau eru til staðar.

Heildarmagn móttækinnna spilliefna annarra en úrgangsolíu 1998 - 2001



Mynd 4.5

Í töflu 4.2 kemur fram hvað hefur borist á árinu af spilliefnum í hverjum vörflokki miðað við þúsund íbúa á ýmsum starfssvæðum. Með því að meta magn spilliefna miðað við íbúafjölda næst jöfnuður á milli misfjölmennra starfssvæða. Á mynd 4.5 má sjá heildarskil spilliefna í sérhverjum vörflokki af hinum einstöku starfssvæðum miðað við hvert þúsund íbúa.

Í töflu 4.3 er magn spilliefna í öllum vörflokkum tilgreint miðað við þúsund íbúa. Sakir fámennis á mörgum starfssvæðanna verða viðtækar ályktanir ekki dregnar af upplýsingum sem settar eru fram á grundvelli starfssvæða. Ef skil eru ekki regluleg getur einn farmur af spilliefnum skekkt myndina mjög. Þegar borin eru saman árin frá 1998 til 2001, kemur í ljós að nokkur jöfnuður er að verða í skilum frá langflestum starfssvæðum. Í heild hafa skilin farið vaxandi a.m.k. fram til ársins 2000. Má best merkja það af skilum af svæði Sorpu bs. Fáein starfssvæði skera sig úr með það hversu mikil skil hafa verið frá þeim öll árin.

4.4 Samanburður við áætlanir

Innflutningur á vörum sem verða að spilliefnum hefur í mörgum tilvikum vikið verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Spilliefni í sumum vörflokkum hafa skilað sér í talsvert meira

magni en áætlað var. Á það sérstaklega við um olíumálningu og prentliti, halógeneruð efnasambönd og leysiefni.

Eins og áður hefur komið fram var spilliefnagjöldum á mörgum vörflokkum breytt 1. ágúst og 15. desember til samræmis við ofangreinda þróun. Nánar er fjallað um einstaka vörflokka í 5. kafla.

4.5 Kostnaður við framkvæmd laganna um spilliefnagjald

Stærstu kostnaðarþættir við spilliefnakerfið (sjá mynd 4.6) eru móttökustöðvagjöld, það er kostnaður við förgun spilliefnanna, sem nemur 64% kostnaðarins og flutningsgjöld sem námu 21%, mestmegnis vegna olíuúrgangs. Söfnunarsköðvagjöld námu tæpum 5% af heildarkostnaði á árinu. Rekstrar- og þróunarkostnaður hefur farið hlutfallslega lækkandi eftir því sem veltan hefur aukist og nam hann 10% af heildarkostnaði að teknu tilliti til fjármagnsgjalda.

Rekstrar- og þróunarkostnaði er deilt á vörflokka í réttu hlutfalli við tekjur (álögð spilliefnagjöld) af viðkomandi vörflokki á árinu. Þróunarkostnaður er eins og nafnið gefur til kynna kostnaður sem rekja má til uppbyggingar kerfisins og þróunar þess.

Tafla 4.2

Móttækin spilliefni eftir starfssvæðum 2001														
Heildarmagn [kg] Starfssvæði	Rafgeymar	Framköllunar- efni	Olíu- málning	Prent- litir	Leysi- efni	Raf- hlöður	Varnar- efni	Ísósýa- nöt	Halógen- eruð efna- sambönd	Kæli- miðlar	Kvika- silfur- vörur	Samtals	Olía	Samtals
11 Sorpu bs.	504.852	166.628	158.849	39.888	59.283	20.006	891	1.350	18.562	1.519	306	4.391.934	2.569.383	6.961.318
21 Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	64.025	2.834	8.699			543					2	395.749	345.636	741.385
31 Sorpuðun Vesturlands hf.	41.928	5.005	2.788	306	129	946	3	509	169			323.616	271.833	595.449
41 Vesturbýggð og Tálknafjörður	11.575	495	0			283						14.238	1.885	16.122
42 Funi	27.845	5.367							33			134.446	101.201	235.647
43 Sorpsamslag Strandasýslu	3.082	242	387			251						11.560	7.598	19.158
51 Húnaþing vestra	3.313	685	277			239	1	7				13.416	8.894	22.310
52 Austur Húnavatnssýsla	8.109	668	168	1		351		1	4			68.651	59.349	128.000
53 Skagafjörður og Akrahr.	13.015	1.818	722		242	608	27		168		16	76.473	59.857	136.329
54 Siglufjörður	3.259	745	35		3	371	2		138			79.444	74.891	154.336
61 Sorpeyðing Eyjafjarðar	56.151	7.563	15.190	7.604	3.399	2.896	38	406	18.774		5	536.267	424.241	960.509
62 Sorpsamslag Þingeyinga	18.365	1.023	807			803	1	2	177			62.631	41.453	104.084
71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar	6.016		75			593						35.155	28.471	63.626
72 Sorpeyðing Miðháaöðs	20.717	3.697	901			607	129	9	46		4	26.192	82	26.274
73 Norður - Hérað, Seyðisfjörður, Fljótisdals-, Borgarfjarðar- og Mjóafjarðarhr.	3.073		357			153						5.332	1.749	7.081
74 Sorpsamslag Mið-Austurlands	10.341	1.109	2.154	4	4	1.014	10	19	115		3	230.959	216.186	447.144
75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshr.	13.911	1.017	1.166	18	150	852	5	2		9		47.910	30.780	78.689
82 Hula bs.	5.830	73	648	3		358	23					7.072	137	7.209
83 Sorpstöð Rangárvallasýslu	20.103	1.458	1.694		96	522			147			43.221	19.201	62.422
84 Sorpstöð Suðurlands	45.065	5.037	3.749	8	36	605	59					207.714	159.260	366.974
85 Bæjarveitur Vestmannaeyja	24.550	4.182	1.462			709	2					219.029	189.654	408.684
Samtals	905.125	209.646	200.128	47.832	63.342	32.710	1.191	2.305	38.333	1.528	336	6.931.009	4.611.741	11.542.750


4.6 Rekstraráætlun 2002

Í lögunum um spilliefnagjald er kveðið á um að hver vörflokkur skuli vera fjárhagslega sjálfstæður. Ljóst má vera að ekki er hægt að ná jöfnuði í tekjum og gjöldum hvers og eins vörflokks á sérhverju ári. Misjafnlega hefur hallað á í rekstri vörflokkanna en með breytingu á spilli-

efnagjaldi og hagræðingu í rekstri hefur verið leitast við að jafna stöðu flokkanna.

Í rekstraráætlun fyrir árið 2002 (sjá töflu 4.4) er gert ráð fyrir að gangi á sjóð rafgeyma þar sem tekjur hafa verið meiri en ætla mátti sakir mikils innflutnings á bifreiðum og tækjum. Rafgeymar hafa þá sérstöðu að þeir skila sér ekki

Hlutfallsleg skipting kostnaðar við framkvæmd laganna



Mynd 4.6

Tafla 4.3

Móttekin spilliefni á hvert þúsund íbúa 2001

Starfsvæði	Rafgeymar	Framköllunarefni	Oliumálning	Prentlitir	Leysiefni	Rafhlöður	Varnarefni	Ísósýanöt	Halógeneruðefnasambönd	Kælimiðlar	Kvikasilfurvörur	Samtals	Olía	Samtals
11 Sorpa bs.	2.836	936	892	224	333	112	5	8	104	9	2	5.176	14.432	19.607
21 Sorpeyðing Suðurnesja	3.828	169	520	0	0	32	0	0	0	0	0	2.996	20.666	23.662
31 Sorpsamlag Vesturlands hf.	2.842	339	189	21	9	64	0	35	11	0	0	3.510	18.426	21.936
41 Vesturbýggð og Tálknafjörður	7.580	324	0	0	0	185	0	0	0	0	0	8.090	1.234	9.324
42 Funi	5.213	1.005	0	0	0	0	0	0	6	0	0	6.224	18.948	25.172
43 Sorpsamlag Strandasýslu	3.867	304	486	0	0	315	0	0	0	0	0	4.971	9.533	14.504
51 Húnaþing vestra	2.646	547	221	0	0	191	1	6	0	0	0	3.612	7.104	10.716
52 Austur Húnavatnssýsla	3.693	304	77	0	0	160	0	0	2	0	0	4.236	27.026	31.262
53 Skagafjörður og Akrahr.	2.961	414	164	0	55	138	6	0	38	0	4	3.781	13.619	17.400
54 Siglufjörður	2.161	494	23	0	2	246	1	0	92	0	0	3.019	49.663	52.682
61 Sorpeyðing Eyjafjarðar	2.618	353	708	354	158	135	2	19	875	0	0	5.222	19.776	24.998
62 Sorpsamlag Þingeyinga	3.547	198	156	0	0	155	0	0	34	0	0	4.090	8.006	12.096
71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar	6.798	0	85	0	0	670	0	0	0	0	0	7.553	32.170	39.723
72 Sorpsamlag Miðhéraðs	8.333	1.487	362	0	0	244	52	4	19	0	2	10.503	33	10.536
73 Norður - Hérað, Seyðisfjörður, Fljótisdals-, Borgarfjarðar- og Mjóafjarðarhr.	2.278	0	265	0	0	113	0	0	0	0	0	2.656	1.297	3.953
74 Sorpsamlag Mið-Austurlands	2.616	281	545	1	1	257	3	5	29	0	1	3.737	54.689	58.426
75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpvogshr.	4.456	326	373	6	48	273	2	1	0	3	0	5.487	9.859	15.346
82 Hula bs.	4.265	53	474	2	0	262	17	0	0	0	0	5.073	100	5.173
83 Sorpsamlag Rangárvallasýslu	6.870	498	579	0	33	178	0	0	50	0	0	8.209	6.562	14.771
84 Sorpstöð Suðurlands	3.586	401	298	1	3	48	5	0	0	0	0	3.856	12.673	16.529
85 Bæjarveitur Vestmannaeyja	5.508	938	328	0	0	159	0	0	0	0	0	6.591	42.552	49.143
Meðaltal	3.162	732	699	167	221	114	4,2	8	134	5,3	1,2	4.954	16.109	21.063

sem spilliefni fyrr en mörgum árum eftir að spilliefnagjald er á þá lagt. Eðlilegt er því að í sjóðinn safnist þegar mikið er flutt inn en gangi á hann þegar innflutningur er lítill.

Þar eð spilliefnagjald á framköllunarefni hefur verið lækkað fer sá sjóður að nálgast jafnstöðu.

Nokkur óvissa er um flokk olíumálningar þar sem skil jukust mjög fram til ársins 2000. Spilliefnagjald hefur verið hækkað í leyfilegt hámark skv. lögum og innflutningur dróst mjög saman á árinu 2001.

Mjög mikið var flutt inn af leysiefnum, sem koma í stórum förmum, á árinu 2001 og því er gert ráð fyrir minni innflutningi árið 2002. Frekari jöfnun sjóðsins verði síðan á tveimur til þremur.

Verulegur halli hefur myndast í flokki prentlita. Spilliefnagjald var hækkað í leyfilegt hámark skv. lögum í árslok 2001 og unnið er að hagræðingu

við móttöku prentlita, sem væntanlega mun skila sér á næstu árum enda þótt ekki sé gert ráð fyrir áhrifum þess á árinu 2002.

Með þeirri breytingu að tekið var upp stykkjagjald á rafhlöður í stað þyngdargjalds eins og hefur verið, er reiknað með að tekjur aukist og halli á sjóðinum minnki. Mestur er tilkostnaður af hinum smáu hnapparafhlöðum. Innflutningur á öðrum spilliefnarafhlöðum fer minnkandi.

Álagt spilliefnagjald er orðið mjög hátt á halögeneruð efnasambönd og er stefnt að því að jafna þann sjóð á þrem til fjórum árum.

Mest hefur uppsöfnun fjármuna orðið í flokki kælimiðla. Þrátt fyrir meira en eitt hundrað tonna árlegan innflutning skila sér enn ekki nema eitt til tvö tonn til förgunar. Efnin eru ósoneyðandi og sum hafa gróðurhúsaáhrif sem talið er mikilvægt að stemma stigu við.

Aðrir flokkar eru smáir og í þökkalegu jafnvægi.

Tafla 4.4

Áætlun um afkomu vörflokka fyrir árið 2002

	Deild 1 Rafgeymar	Deild 2 Kemisk efni í ljósm.og prent.	Deild 3 Olíumálning	Deild 4 Leysiefni	Deild 5 Rafhlöður	Deild 6 Varnarefni	Deild 7 Ísócyjanöt	Deild 8 Halögeneruð efnasambönd	Deild 9 Olía	Deild 10 Kælimiðlar	Deild 11 Kvikasilfur- vörur	Deild 12 Prentlitir	Samtals
Tekjur:													
Spilliefnagjöld v/innfluttra vara	23.940.000	10.140.000	22.080.000	4.500.000	5.850.000	540.000	400.000	10.500.000	58.900.000	10.290.000	270.000	6.080.000	153.490.000
Spilliefnagjöld v/ innlendirar framleiðslu			14.720.000										14.720.000
Endurgreidd (millifærð) spilliefnagjöld		-1.500.000		-1.380.000					-8.500.000	-500.000		1.500.000	-10.380.000
Tekjur samtals:	23.940.000	8.640.000	36.800.000	3.120.000	5.850.000	540.000	400.000	10.500.000	50.400.000	9.790.000	270.000	7.580.000	157.830.000
Gjöld:													
Móttökustöðvakostnaður	15.200.000	10.644.440	25.247.776	3.176.250	2.106.000	339.570	327.568	6.484.100	25.590.000	1.221.630	254.100	5.713.200	96.304.634
Flutningskostnaður	7.604.517	1.607.810	1.965.000	338.373	647.106	17.544	12.475	106.136	26.935.140	60.000	3.241	312.936	39.610.279
Söfnunarstöðvakostnaður	4.195.675	755.040	2.860.000	200.200	669.240	12.870	9.152	57.200	808.500	34.320	1.716	193.050	9.796.963
Rekstrar- þróunarkostnaður	2.394.000	864.000	3.680.000	312.000	585.000	54.000	40.000	1.050.000	5.040.000	979.000	27.000	758.000	15.783.000
Gjöld samtals:	29.394.192	13.871.290	33.752.776	4.026.823	4.007.346	423.984	389.195	7.697.436	58.373.640	2.294.950	286.057	6.977.186	161.494.876
Rekstramiðurstaða ársins	-5.454.192	-5.231.290	3.047.224	-906.823	1.842.654	116.016	10.805	2.802.564	-7.973.640	7.495.050	-16.057	602.814	-3.664.876
Höfuðstóll 1. janúar	45.116.689	7.790.901	-27.443.245	-2.256.043	-5.807.940	273.631	-381.835	-8.356.266	29.235.859	19.497.111	-42.031	-8.913.173	48.713.660
Eigið fé samtals	39.662.497	2.559.611	-24.396.021	-3.162.866	-3.965.286	389.648	-371.030	-5.553.702	21.262.219	26.992.161	-58.089	-8.310.359	45.048.784

5. Rekstraryfirlit eftir vöruflokkum

5.1 Olíuvörur

Inngangur

Þann 15. mars 1999 var byrjað að leggja spilliefnagjald á smurolíu. Á sama tíma tók gildi þjónustusamningur við olíufélögin þrjú þar sem þau taka að sér að sjá um og reka búnað til að taka á móti allri úrgangsolíu á landinu, flytja olíuna frá öllum helstu skilaaðilum, meðhöndla hana í móttökustöð og koma henni til eyðingar eða endurnýtingar.

Um leið gekk í gildi yfirlýsing um samstarf olíufélaganna um meðferð svartolíuúrgangs frá skipum. Samkvæmt henni skuldbinda þau sig til að sjá um og reka búnað til að taka á móti svartolíuúrgangi frá íslenskum skipum sem nota svartolíu, gegn eðlilegu gjaldi, flytja, meðhöndla og koma honum til eyðingar. Þessi yfirlýsing sem staðfest var af umhverfisráðherra felur í sér að svartolía er undanþegin spilliefnagjaldi.

5.1.1 Svartolía

Skilgreining

Með hugtakinu svartolía er átt við brennsluolíu (MFO 30, sbr. ISO 8217/1987). Sú svartolía sem hér um ræðir er „léttasta“ gerð slíkrar olíu og er ætluð til brennslu í kötlum og á dísilvélum stærri skipa. Í svartolíu eru óhreinindi og vatn sem ganga úr henni við síun og skiljun.

